

- 63** 7. Sullameinvaldur kemur í hundana af því einu, að þeir jeta sulli sjerstaklega úr lifur og lungum. Vankavaldur af því einu, að þeir ná að jeta heila eða eitthvað úr höfði höfuð sóttarkindar. Ef komið yrði alveg í veg fyrir þetta, mundi bandormur þessi deyja út, og með þeim sullaveiki í mönnum og vanki í sauðkindum.

Að vita þetta ætti hverjum manni að vera eitt ærið, til þess að hann telji það nauðsyn og helga skyldu sína, að varna því eftir mætti, að hundar nái að jeta sulli eða nokkurt hráæti, er sullir geti leynst í, og meðan hundar eru grunsamir, að þá sje hagað til með þá, að sem minst hætta stafi af þeim.

Samþykt á sýslufundi Austur-Barðastrandarsýslu í maí 1919.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 25. júní 1920.

Einar M. Jónasson.

64
25. júní

Samþykt

um breyting á samþykt um lækning hunda af bandormum o. fl. í Vestur-Skaftafellssýslu frá 30. nóv. 1895.

1. 1. gr. orðist svo:

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir 1—2 menn til þess að annast um lækning hunda af bandormum, og 1 varamaður, sem um leið sje skylt að vera aðalmönnum til aðstoðar, ef þeir óska.

2. 3. gr. hljóði:

Heimilt er lækningamönnum að skilfta hreppnum í svo margar déildir sem þörf er á, eftir staðháttum, enda sje hreppsbum skylt að hafa nægileg lækningahús.

3. Við 9. grein:

Í stað orðanna »25 aurar« komi 1 króna.

Þannig samþykt af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á aðalfundi hennar, sem haldinn var 10.—14. maí þ. á.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 28. júní 1920.

Gisli Sveinsson.